

Miðvikudaginn 3. apríl 1974.

Nr. 50/1974: Halldóra Gunnarsdóttir sjálf og vegna ófjárráða barna sinna, Þorbjargar, Guðbjargar og Auðar Árnadætra,

gegn

Magnúsi Fr. Árnasyni.

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snævarr, Einar Arnalds, Logi Einarsson og Magnús Þ. Torfason.

Kærumál. Lögmannspóknun. Frávísun. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Hinn kærði úrskurður er kveðinn upp af Páli S. Pálssyni hæstaréttarlögmanni, formanni stjórnar Lögmannafélags Íslands, og stjórnarmönnunum Sveini Hauki Valdemarssyni hæstaréttarlögmanni, Hákonu Árnasyni hæstaréttarlögmanni og Skúla Pálssyni héraðsdómslögmanni. Einn stjórnarmanna, Jóhannes L. L. Helgason hæstaréttarlögmaður, skilaði sératkvæði í málinu.

Samkvæmt heimild í 8. gr. laga nr. 61/1942, sbr. 21. gr. laga nr. 75/1973, hafa sóknaraðiljar skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 27. febrúar 1974, sem Hæstarétti barst 7. mars s. á. Krefjast þeir þess, að varnaraðilja verði dæmt að greiða þeim oftekin málflutningslaun og kostnað, kr. 185.-439.00, og kærumálskostnað.

Með bréfi til Hæstaréttar 18. mars 1974, sem barst Hæstarétti 19. s. m., gagnkærir varnaraðili fyrrgreindan úrskurð Lögmannafélags Íslands. Krefst hann sýknu af öllum kröfum sóknaraðilja í máli þessu og kærumálskostnaðar úr þeirra hendi.

Gagnkæra þessi hefur eigi komið fram innan lögmaelts frests samkvæmt 8. gr. laga nr. 61/1942, sbr. 22. gr. laga nr. 75/1973, og er henni því vísað frá Hæstarétti.

Svo sem rakið er í hinum kærða úrskurði, fór varnaraðili með mál af hendi sóknaraðilja til heimtu bóta vegna banaslyss Arna Tómassonar, eiginmanns Halldóru Gunnarsdóttur og

föður dætra þeirra. Sóknaraðiljar fengu gjafsókn í héraði vegna máls þessa með bréfi dómsmálaráðuneytis 11. júní 1971, og var varnaraðili skipaður talsmaður þeirra í málinu. Málið var höfðað fyrir aukadómþingi Árnassýslu með stefnu 22. júní 1971. Kröfðust sóknaraðiljar bóta samtals að fjárhæð kr. 4.447.973.00 auk 7% ársvaxta frá 15. febrúar 1969 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál. Dómur gekk í máli þessu 16. desember 1972. Heildartjón sóknaraðilja var ákveðið kr. 3.020.000.00, og skyldu þeir fá tjón sitt bætt að $\frac{3}{5}$ hlutum, eða kr. 1.812.000.00, auk vaxta. Þá var dómþola dæmt að greiða kr. 165.000.00 í málskostnað, er renna skyldi í ríkissjóð. Málflutningslaun til varnaraðilja, sem ákveðin voru kr. 175.000.00, skyldu greiðast úr ríkissjóði svo og útlagt fé hans vegna málsins, kr. 29.439.00. Dómþoli greiddi dómskuldina til varnaraðilja. Samkvæmt skilagrein varnaraðilja 25. apríl 1973 færði hann sóknaraðiljum til gjalda kr. 160.000.00 í málflutningsþóknun og kr. 25.439.00 vegna fjár, er hann hefði lagt út í sambandi við málið. Hélt hann fé þessu, samtals kr. 185.439.00, eftir við uppgjör við sóknaraðilja. Varnaraðili mun hafa fengið það fé greitt úr ríkissjóði, sem honum var dæmt með fyrrgreindum dómi.

Um gjafsókn og gjafvörn er fjallað í XI. kafla laga nr. 85/1936. Í 173. gr. eru greind þau hlunnindi, er gjafsóknar- eða gjafvarnarhafi fái. Í 3. tl. 173. gr. er boðið, að gjafsóknar- eða gjafvarnarhafa skuli skipaður talsmaður, nema þess þyki engin þörf. Þá segir í greininni, að ríkissjóður greiði talsmanni ferðakostnað og þóknun fyrir málflutning eftir ákvörðun þess dómara, er fyrir dómsathöfn þeirri standi, sem gjafsókn nær til. Hæstaréttarlögmönnum er yfirleitt skylt að taka við starfi sem talsmenn í gjafsóknar- eða gjafvarnarmálum, sbr. 2. mgr. 13. gr. laga nr. 61/1942, en í 2. gr. þeirra laga segir, að fyrir flutning gjafsóknar- eða gjafvarnarmála skuli ákveða málflytjanda laun með dómi í aðalmálinu.

Samkvæmt lagaákvæðum þessum skulu málflutningslaun talsmanns gjafsóknar- og gjafvarnarhafa ákveðin með dómi, og talsmaðurinn á ekki rétt til meiri málflutningslauna. Get-

ur varnaraðili því ekki krafist frekari málflutningslauna eða kostnaðar af málinu en honum hefur þegar verið dæmt. Ber varnaraðilja að greiða sóknaraðiljum hið umdeilda fé, kr. 185.439.00.

Rétt er, að kærumálskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Framangreindri gagnkæru er vísað frá Hæstarétti.

Varnaraðili, Magnús Fr. Árnason, greiði sóknaraðiljum, Halldóru Gunnarsdóttur sjálfri og vegna ófjárráða barna sinna, Þorbjargar, Guðbjargar og Auðar Árnadætra, kr. 185.439.00.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

S é r a t k v æ ð i

hæstaréttardómaranna Ármanns Snævars

og Magnúsar Þ. Torfasonar.

Sóknaraðiljar leituðu úrskurðar stjórnar Lögmannafélags Íslands um rétt varnaraðilja til að krefja þá um kr. 160.000.00 í málflutningslaun umfram kr. 175.000.00, sem héraðsdómur dæmdi varnaraðiljum í þóknun úr ríkissjóði vegna flutnings gjafsóknarmáls fyrir sóknaraðilja.

Ágreiningsefni aðilja er samkvæmt þessu það, hvort ákvæði 3. tl. 173. gr. laga nr. 85/1936 beri að skýra svo, að laun talsmanns gjafsóknarhafa, sem dómur ákvað, beri að telja fullnaðarþóknun fyrir flutning gjafsóknarmáls eða ekki. Þegar gætt er tilgangs 8. gr. laga nr. 61/1942 svo og þess, að ákvæði þetta er sérregla, þykir ákvæðið ekki verða skýrt svo, að úrlausn framangreinds ágreiningsefnis beri undir stjórn Lögmannafélags Íslands. Af þessu leiðir, að hin kærða úrlausn stjórnarinnar verður einungis skoðuð sem álitssgerð, en ekki úrskurður, er kæru sætir samkvæmt nefndri 8. gr., sbr. 21. gr. laga nr. 75/1973. Ber því að vísa kærumáli þessu frá Hæstarétti.

Rétt er, að kærumálskostnaður falli niður.
Samkvæmt þessu verður dómsorð okkar svo:

D ó m s o r ð :

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður stjórnar Lögmannafélags Íslands 13. febrúar 1974.

Sóknaraðili lagði mál þetta fyrir stjórn L. M. F. Í. með bréfi, dags. að Selfossi hinn 22. maí 1973. Í bréfinu er þess getið, að hún og dætur hennar, Þorbjörg, Guðbjörg og Auður Árnadætur, hafi fengið dæmdar bætur úr hendi Fosskrafts s/f o. fl., samtals með vöxtum kr. 2.335.215.00. Málflutningsmaður sinn hafi verið hæstaréttarlögmaður Magnús Fr. Árnason og hafi hann fengið tildæmdan málskostnað, kr. 175.000.00, sem gjafsóknarlaun og hafi sóknaraðili talið, að ekki yrði um greiðslu af sinni hálfu að ræða af þessum ástæðum. Við uppgjör hafi Magnús hins vegar haldið eftir kr. 160.000.00 sem málflutningsþóknun og kr. 25.439.00 fyrir kostnaði o. fl.

Sóknaraðili kveðst telja, að Magnús hafi með tildæmdum málskostnaði verið búinn að fá sína þjónustu greidda, og óskar eftir úrskurði stjórnar L. M. F. Í. um réttmæti þeirra gerða Magnúsar að halda kr. 185.439.00 eftir við uppgjör til viðbótar þeim kr. 175.000.00, sem hann var áður búinn að fá.

Eftir móttöku bréfs þessa var ákveðið á fundi í stjórn L. M. F. Í. að senda Magnúsi Fr. Árnasyni hæstaréttarlögmanni í ljósriti kærubréfið ásamt reikningsyfirliti lögmannsins, er bréfinu fylgdi, svo og að senda honum í endurriti úrskurð stjórnar L. M. F. Í. frá 10. nóvember 1966. Þetta var gert með bréfi, dags. 6. júní s.l. Svarbréf varnaraðilja, dags. 25. september 1973, barst félagsstjórn, og hljóðar það svo:

„Hinn 7. júlí 1971 höfðaði ég f. h. frú Halldóru Gunnarsdóttur, Selfossi, og þriggja ófjárráða dætra hennar skaðabótamál gegn Fosskraft sf. til greiðslu fébóta fyrir missi framfæranda. Atvik málsins voru þau, að eiginmaður Halldóru beið bana í febr. 1969, er hann var að vinna á skurðgröfu austur við Búrfellsvíkjun. Árni heitinn Tómasson vann einn á gröfunni, þegar slysið skeði, og engir sjónarvottar

voru að því. Lögreglurannsókn fór fram í málinu, eins og lög gera ráð fyrir, en þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir í gegnum Dómsmálaráðuneytið fékkst engin frekari rannsókn af opinberri hálfu, og varð því málið allt erfiðara viðfangs, eins og að líkum lætur.

Síðan tóku við langar samningsviðræður við Sjóváttryggingarfélag Íslands h.f., en það félag var umboðsaðili Interbroke Schmid í Sviss, sem Fosskraft sf. hafði tryggt sig hjá. Skjöl öll þurfti að senda út og þýða á ensku, og langur tími fór í að reyna að ná samkomulagi um hæfilegar bætur. Allt þetta vafstur endaði síðan með því, að hinir erlendu aðilar neituðu allri skaðabótaskyldu, og framangreint mál var höfðað.

Ég tók það algjörlega upp hjá sjálfum mér að sækja um gjafsókn fyrir stefnendur, þar sem málið var mjög tvísýnt og mjög skorti sönnunargögn. Því var haldið fram af umbm. stefnda, að Árni heitinn Tómasson hafi farið mjög ógætilega að í starfi sínu og hafi því sjálfur átt höfuðsök á því, hvernig fór.

Ég tel ekki ástæðu til að rekja málflutning og málgögn frekar, því þau er öll að finna í skjölum málsins og dómi fulltrúa sýslumanns Árnessýslu, sem dæmdi mál þetta, en hann var skipaður ad hoc til að fara með mál þetta. Úrslit málsins urðu þau, að stefndi var dæmdur til að greiða umbj. mínum kr. 1.812.000.00, en sök var skipt þannig, að Árni heitinn var talinn hafa valdið slysinu að 2/5 hlutum og ekkjunni og börnum þeirra aðeins tildæmdar 3/5 hlutar heildarfébóta.

Málið tapaðist þannig að 2/5 hlutum og málsvarnarlaun mín voru ákveðin í samræmi við það kr. 175.000.00 auk útl. kostnaðar.

Nú er komið að kjarna þessa máls, þ. e. hvað skuli teljast hæfileg málflutningsþóknun fyrir flutning svo viðamikils og vandasams máls. Málið vinnst að 3/5 hlutum, og sýnir það strax, að vel hefir verið á málum haldið af minni hálfu, ef miðað er við allar aðstæður.

Í lögum um málflytjendur segir orðrétt: „Fyrir flutning gjafsóknar og gjafvarnarmála skal ákveða málflytjanda laun með dómi í aðalmálinu“. Í sömu grein segir enn fremur: „Héraðsdóms- og hæstaréttarlögmanni er rétt að áskilja sér hæfilegt endurgjald fyrir störf sín, þar á meðal hluta af

fjárhæð máls, og hærra endurgjald, ef mál vinnst, en ef það tapast.

Hér er það fastákveðið í lögum ísl. lýðveldisins, að lögmennt megi taka borgun fyrir störf sín. Það eru ekki allar stéttir, sem geta státað af svo hátíðlegum yfirlýsingum löggjafans, kannske er lögmennastéttin sú eina, sem það getur.

En það eru gallar á gjöf Njarðar, ekki einn, heldur margir. Ef lögmaður sækir um gjafsókn fyrir skjólstæðing sinn, gerir hann það fyrst og fremst til að tryggja, að umbj. hans verði ekki fyrir allt of miklum útlátum, ef mál skyldi tapast, sem oft vill henda, því lögmanni er heimilt að áskilja sér „hæfilegt endurgjald“, jafnvel þótt hann tapi málinu, enda mundi honum verða ákveðin „hæfileg laun“ fyrir starfa sinn einnig í því tilfalli. En ef við lítum hlutlaust á málin, og þar getur hver lögmaður litið í sinn eigin barm, þá vaknar spurningin, fáum við nokkurntíma „hæfilegt endurgjald“ fyrir störf okkar, þegar dómara ákveða laun okkar í gjafsóknarmálum og opinberum málum. Svári nú hver fyrir sig. Þrátt fyrir hástemmdar yfirlýsingar í lögum, þá eru það alltof oft aðrir aðilar, sem ákveða laun lögmanna, og oft í litlu samræmi við þá vinnu, sem lögð hefir verið fram. Mál, sem tapast að einhverju eða öllu leyti, og lögmönnum eru dæmdar skótbætur í laun fyrir, eru oft á tíðum vandasöm-ustu málin, sem mest vinna hefir verið í lögð. Upplögð mál þarf varla á aðstoð lögmanna að halda (sic), aðiljarnir gætu í mörgum tilfellum flutt þau sjálfir með góðum árangri.

Ákvæði um gjafsókn eru í XI. kafla einkamálalaganna frá 1936. Þar segir í 173. gr., 3. tl., „að gjafsóknarhafa sé skipaður talsmaður, og ríkissjóður greiði talsmanni ferðakostnað og þóknun fyrir málflutning eftir ákvörðun dómara, er fyrir dómsathöfn þeirri stendur, sem gjafsókn nær til.“

Þessi regla á ef til vill rétt á sér í þeim tilfellum, þegar mál tapast að miklu eða öllu leyti og gjafsóknarhafi hefði orðið að greiða talsmanni sínum þóknun og jafnvel gagnaðila málskostnað, ef hann hefði ekki notið þessara hlunninda, en þegar mál vinnst í öllu verulegu og gjafsóknarhafi fær sér tildæmdar stórar fjárfúlgur, ef til vill að nokkru vegna góðrar frammistöðu lögmanns síns, finnst mér málið horfa öðruvísi við. Ég sé ekki, að grundvallarhugmyndir þær, sem veiting gjafsóknar byggist á, leiði til þess, að lögmaðurinn verði að láta sér lynda að fá miklu lægri þóknun fyrir störf

sín, einungis vegna þess að hann var svo forsjáll að útvega skjólstæðingi sínum gjafsókn í málinu, jafnvel óumbeðið, eins og átti sér stað í hér umræddu máli.

Skaðabótamál eru einhver stærsti flokkur einkamála hér á landi. Þar er oft teflt um mikilvæga hagsmuni þeirra, er bóta krefjast. Þó að slík mál séu sjaldan höfðuð beint gegn tryggingarfélögum, er reyndin samt sú, að venjulega reka þau málin fyrir þann, sem krafinn er um bætur. Þetta kemur skýrt fram í máli því, er ég fór með fyrir hönd Halldóru Gunnarsdóttur og barna hennar. Þar voru aðilarnir annarsvegar sterkt alþjóðlegt tryggingarfélag, en hinsvegar ung ekkja með þrjú smábörn norður á Íslandi. Aðstöðumunur aðilanna er hér eins augljós og orðið getur. Það hefði í þessu tilfelli verið algjörlega óforsvaranlegt, hefði ég ekki sótt um gjafsókn f. h. umbj. minna, eins og hér stóð á. Engir sjónarvottar að slysinu, ummerki á vettvangi óljós, málið illa rannsakað (framhaldsrannsókn fékkst ekki), vitni dreifið út um lönd og álfur og hagsmunir umbj. minna svo miklir, að um framtíðarvelferð þeirra var að tefla.

Það þarf ekki langt mál til að útskýra fyrir lögmönnum, á hvorum aðilanum hiti og þungi dagsins hvíli í skaðabótamáli sem þessu. Lögmaður stefnda lagði aðeins fram eitt skjal í því, og það var greinargerð hans. Það var ágæt greinargerð, og málflutningur hans var góður. Hann þurfti ekki á gjafvörn að halda og hefir sjálfsagt fengið „hæfilegt endurgjald“ fyrir vinnu sína samkvæmt taxta L. M. F. Í. þrátt fyrir það, að hann þurfti margfalt minna á sig að leggja, eins og augljóst er af framansögðu.

Ég held því hér ákveðið fram, að „endurgjald“ það, sem ég hef áskilið mér fyrir störf mín í áðurgreindu máli, sé í fyllsta máta „hæfilegt“ samkvæmt ákvæði því í lögum um málflytjendur, sem ég vitnaði í áður. Þau lög eru frá árinu 1942, en reglurnar um gjafsókn einkamála, frá 1936, og virðist vera kominn tími til, að Lögmannafél. Ísl. gangist fyrir því, að hástemmdar yfirlýsingar löggjafans í lögum um málflytjendur verði meira en orðin tóm.

Einkamálalögin voru samin á kreppuárunum miklu, og er pólitískur litur á reglum þeirra um gjafsókn, en eins og allir vita, voru lögmenn þá taldir „yfirstétt“, og hefir löggjafanum fundist tilhlýðilegt að láta slíka stétt manna vinna í þarfar lítilmagnans fyrir lítið. En nú er öldin önnur. Ég

sé enga ástæðu til þess fyrir lögmenn að láta skammta sér laun lengur, sem eru í algjörðu ósamræmi við störf þau, sem þeir ynna af hendi, sérstaklega þegar þau störf eru vel af hendi leyst og árangur af þeim góður. Því síður eiga laun lögmanna að ákvarðast af því, fyrir hvern er unnið, sterkan aðila eða veikan, gjafsóknaraðila eða ekki gjafsóknaraðila, opinberan aðila eða einkaaðila, eða því, hvort um opinbert mál eða einkamál er að ræða.

Ég krefst þess, að núverandi stjórn L. M. F. Í. telji sig ekki bundna af úrskurði frá í nóv. 1966, sem mér var sent ljósrit af, enda var þar um smámuni að tefla miðað við mál það, sem hér er til umræðu.

Annars er ég til viðræðu um mál þetta við háttvirta stjórn L. M. F. Í., þegar hún óskar þess.

Virðingarfyllst,

Magnús Fr. Arnason.

Til stjórnar Lögmannafélags Íslands, Rvk. 25. sept. 1973“.

Fyrirgreint reikningsyfirlit frá varnaraðilja til sóknaraðilja hljóðaði svo:

„*Skilagrein* til fr. Halldóru Gunnarsdóttur vegna auka-dómpingsmálsins: Halldóra Gunnarsdóttir og fl. gegn Fosskraft sf. og fl.

1973.

Apr. 25. Innheimt alls hjá Fosskraft sf:

Vegna Halldóru Gunnarsdóttur	kr. 1.017.000.00
— Þorbjargar Árnadóttur	— 240.000.00
— Guðbjargar Árnadóttur	— 255.000.00
— Auðar Árnadóttur	— 300.000.00
Vextir alls	— 523.215.00
Málflutningsþóknun	kr. 160.000.00
Mót, ferðakostn. útl.	
kostn. dagpen. og fl.	— 25.439.00
Gr. 5. apr. 73	— 100.000.00
Gr. 13. 4. 73	— 200.000.00
Gr. 17. 4. 73	— 50.000.00
Eftirstöðvar	— 1.799.776.00

Samt. kr. 2.335.215.00 kr. 2.335.215.00“

Hinn 10. október s.l. sendi félagsstjórn sóknaraðilja samrit af bréfi varnaraðilja frá 25. september, og var varnaraðilja gefinn kostur á að gera skriflegar athugasemdir fyrir stjórnarfundinn 24. október. Fyrir þann tíma átti yfirfjárráðandi barnanna, Páll Hallgrímsson, sýslumaður í Árnessýslu, viðtal við formann félagsstjórnar og tilkynnti, að eigi mundi að vænta skriflegrar svargreinargerðar af hálfu sóknaraðilja, er treystu því, að stjórn L. M. F. Í. mundi kveða upp úrskurð í málinu eftir bestu vitund.

Á þeim tíma, er síðan er liðinn, hefur málið nokkrum sinnum verið tekið til meðferðar og umræðu á stjórnarfundum og nú hlotið endanlega afgreiðslu. Á þessu tímabili hefur sóknaraðili, Halldóra Gunnarsdóttir, nokkrum sinnum haft símasamband við formann félagsstjórnar og óskað eindregið eftir því, að málið yrði tekið til úrskurðar hið allra fyrsta.

Ágreiningurinn er um þóknun til lögmanns fyrir málflutningsstörf í skaðabótamáli í héraði. Ávallt er nokkur vandi í slíkum málum að ákveða, við hvaða fjárhæð á að miða þóknun málflutningslauna, því að venjan er, að stefnufjárhæðin sé allrífleg, einkum fyrir kröfuliðinn miskabætur og röskun á stöðu og högum og þegar um missi framfæranda er að ræða. Kemur og til álita, hve stóran frádrátt á að gefa vegna skattfrelsis og eingreiðslu, og fylgja dómstólarnir þar oft á tíðum ekki sömu reglu.

Í umræddu tilviki var niðurstöðu héraðsdóms ekki áfrýjað. Því verður að ætla, að dómstólnum hafi tekist að kveða á um bótafjárhæð, sem báðir aðiljar hafa talið viðunanlega.

Sök var skipt, og samkvæmt kærubréfi fékk sóknaraðili og börn hennar í sinn hlut kr. 2.335.215.00 sem 3/5 fjárins, og kemur það heim við reikningsyfirlit varnaraðilja. Raungildi þeirrar fjárhæðar, sem varnaraðili sótti úr hendi stefndu í héraði, hefur þá verið kr. 3.892.025.00.

Þó að varnaraðili, sem er fastur starfsmaður hjá bankastofnun, hafi ekki málflutningsstörf að aðalatvinnu, þá er hann félagsmaður í L. M. F. Í., en það félag hefur sem kunnugt er lágmarksgjaldskrá, sem ætlast er til, að félagsmenn fari eftir þannig, að þeir áskilji sér ekki lægra gjald en lágmarkspóknun segir til um.

Samkvæmt gildandi lágmarksgjaldskrá L. M. F. Í. bar lögmanninum, þ. e. varnaraðilja, í lágmarkspóknun fyrir mál þetta samkvæmt framannefndri deilufjárhæð kr. 306.760.00 auk útlagðs kostnaðar. Eigi hafa verið færð fram í málinu gögn, er leiða til þess, að ætla megi, að langdregnar vitnaleiðslur eða önnur slík

tímaeyðsla og fyrirhöfn umfram það, sem venja er í skaðabótamálum, hafi mætt á varnaraðilja í máli þessu.

Því telur félagsstjórnin rétt, að lögmanninum hafi borið að fá framangreinda fjárhæð í þóknun fyrir störf sín við málið.

Fallast verður á þá skoðun varnaraðilja, að lögmönnum sé heimilt að áskilja sér fulla þóknun fyrir störf sín, um hvaða mál sem er að ræða og hvaða einstaklingar eða stofnanir það eru, sem hann starfar fyrir. Það er talin skylda lögmanns að taka að sér starf sem skipaður talsmaður gjafsóknar- eða gjafvarnarhafa í einkamálum og sem skipaður verjandi eða réttargæslumaður í opinberum málum. Hann getur ekki neitað því að taka þessi störf að sér, og þá á hann fyrir þau fullt gjald samkvæmt lágmarksgjaldskrá stéttarfélags síns eða samkvæmt reikningi, þegar hann hefur verið lagður fram í málinu, sbr. niðurstöður dóma um sama efni, að því er varðar þóknun dómskipaðra matsmanna.

Því er það, að ef dómstólar gera ríkissjóði að greiða í málflutningslaun í gjafsóknarmáli lægri fjárhæð en efni standa til samkvæmt eðli málsins og gildandi lágmarksgjaldskrá lögmanna, þá hlýtur hlutaðeigandi lögmaður að hafa frjálsar hendur um það að krefja skjólstæðing sinn um mismuninn. Annað væri brot gegn viðurkenndu persónu-, athafna- og atvinnufrelsi, og sniðgengin væri með því einnig ákvæði í lögum um málflytjendur, er veita lögmönnum rétt til að áskilja sér hæfilegt endurgjald fyrir störf sín, þar á meðal hluta af fjárhæð máls.

Stjórn L. M. F. Í. er kunnugt um, að öndverðs skilnings hefur gætt oft á tíðum, og má þar benda á úrskurð stjórnar L. M. F. Í. frá 1966, er lagður hefur verið fram í málinu. En sá úrskurður svo og ríkjandi misskilningur um málið hjá almenningi getur ekki ráðið úrslitum þessa máls, sem lagt er á herðar núverandi stjórnar L. M. F. Í. að úrskurða um.

Lykilinn að þessum misskilningi má eflaust finna við samanburð á íslensku og dönsku réttarfarslögum, en þessi skoðun hefur skolast hingað frá Danmörku, því að almennt er álitnið, að sömu réttarfarslög gildi þar og hér. En þó svo sé í mörgum greinum, þá er það ekki, að því er þetta atriði snertir. Tekið er fram í „retsplejelovent“ frá 11. apríl 1916 og með síðari breytingum í 31. kafla, 331. gr., að við „fri process“ fái hlutaðeigandi fjárhagsaðstoð, með því að honum sé skipaður talsmaður (lögmaður), er sækir eða verji málið án endurgjalds úr hendi gjafsóknar- eða gjafvarnarbegans, svo fremi sem sú hjálp sé ekki álitin ónauðsynleg eða að

hlutaðeigandi hafi fallið frá kröfu um slíkt. Skarið er alveg tekið af í 336. gr., 4. mgr., sömu laga: „Advokaten er uberrettiget til at modtage, fordre eller lade sig tilsige noget vederlag udover det af retten fastsatte for det i henhold til beskikkelsen udførte arbejde, jfr. straffelovens paragraf 144, medmindre han under sagen fralder krav på vederlag af det offentlige.“

Í lögum um einkamál í héraði nr. 85/1936, 11. kafla um gjafsókn, er ekki á þetta minnst. Þessu atriði er alveg sleppt úr og hins vegar talað um, að hinum skipaða talsmanni sé greitt úr ríkissjóði þóknun fyrir málflutning eftir ákvörðun dómara. Það fer sem sagt eftir duttlungum dómarans, hve mikið sé talið rétt, að ríkissjóður greiði, en lagastafurinn bindur á engan hátt lögmanninn um kröfur til þóknunar úr hendi skjólstæðings síns, enda væri slík takmörkun óeðlileg. Segjum svo, að aðilinn hafi átt lítil fjárráð, þegar farið var í málið, en að máli loknu kemur í ljós, að hann hefur unnið allverulegar fjárhæðir við málssóknina. Hví skyldi honum þá ekki vera rétt og skylt að greiða lögmanni sínum það, sem á vantaði, að hann hlyti hæfilega umbun fyrir starfann, eftir að hafa fengið greitt frá gagnaðiljanum tildæmda fjárhæð?

Hér kemur enn til, að sjálft dómsmálaráðuneytið íslenska virðist hafa litið svo á, að gjafsóknar- og gjafvarnarlaun væru í raun og veru styrkur, en ekki fullnaðargreiðsla, og hefur stundum fært þá hugmynd út í reynd, þannig að binda gjafsóknar- eða gjafvarnarfjárhæðina við ákveðna upphæð. Þetta hafa dómstólarirnir látið sér lynda og tildæmt styrkfjárhæðina, en ekki full málflutningslaun, sem vera ætti, ef ákvæði 173. gr., 3. tl., væru tekin bókstaflega í þrangsta skilningi.

Það er aðfinnsluvert, að svo virðist sem varnaraðili hafi þrátt fyrir ákvæði héraðsdóms um, að ríkissjóður skyldi greiða honum útlagðan kostnað í málinu, kr. 29.439.00, reiknað skjólstæðingi sínum í útlagðan kostnað o. fl. kr. 25.439.00, án þess að fyrir þessu sé gerð nokkur sérstök grein í kærumáli þessu, og verður þessi krafa því ekki tekin til greina. Þá er og ámælisvert, að í yfirlitsreikningi lögmannsins til skjólstæðings hans kemur ekki fram, svo að séð verði, til glöggvunar fyrir skjólstæðinginn, hver er heildarmálflutningsþóknunin og hve miklu hann hafi þegar tekið á móti upp í greiðslu hennar, heldur er aðeins tilnefndur mismunurinn, kr. 160.000.00, sem málflutningsþóknun.

Að ofangreindu athuguðu og með samanburði á því, sem lögmaðurinn fékk greitt úr ríkissjóði, og því, sem lögmaðurinn átti rétt

á að fá greitt samkvæmt framansögðu, verður niðurstaðan þessi:	
Málflutningsþóknun	kr. 306.760.00
Þar af greitt úr ríkissjóði	— 175.000.00

Mismunur kr. 131.760.00

Í vörslu varnaraðilja eru — 185.439.00
 þar frá dregst skuld sóknaraðilja — 131.760.00

Mismuninn kr. 53.679.00
 ber varnaraðilja að greiða sóknaraðilja.

Úrskurðarorð:

Varnaraðilja, Magnúsi Fr. Árnasyni hæstaréttarlögmanni, ber að endurgreiða Halldóru Gunnarsdóttur, Selfossi, vegna sjálfrar sín og þriggja ófjárráða dætra sinna kr. 53.679.00.

Málskostnaður fellur niður.

S é r a t k v æ ð i

Jóhannesar L. L. Helgasonar hæstaréttarlögmanns.

Ég er ósammála meiri hluta stjórnar L. M. F. Í. í máli þessu. Samkvæmt 3. tl. 173. gr. laga nr. 85/1936 fer um þóknun fyrir málflutning í gjafsóknarmálum eftir ákvörðun dómara, er fyrir dómsathöfn þeirri stendur, sem gjafsókn nær til. Þessi ákvörðun liggur fyrir í dómi í aukadómþingsmáli Árnassýslu nr. 58/1971, þar sem varnaraðilja voru ákveðin málflutningslaun, kr. 175.000.00. Varnaraðili á ekki kröfu til frekari launa úr hendi sóknaraðilja.

Úrskurðarorð:

Varnaraðilja, Magnúsi Fr. Árnasyni hæstaréttarlögmanni, ber að endurgreiða Halldóru Gunnarsdóttur, Selfossi, vegna hennar og þriggja ófjárráða dætra hennar kr. 185.439.00.

Málskostnaður fellur niður.
